

# Aðhaldsleysi á uppgangstímum - Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018

Umsögn Samtaka atvinnulífsins – 19. desember 2017

 @atvinnulifid

 @atvinnulifid



## Umsögn SA (1/2)

- **Lítill afgangur á toppi hagsveiflunnar.** Um 35 milljarðar króna, eða 1,3% af landsframleiðslu, er lítill afgangur bæði miðað við þanda tekjustofna og afgang á síðasta hagvaxtarskeiði. Mikilvægt er að stjórnvöld búi í hagin end t taka uppsveiflur enda. Vísbendingar eru þess efnis að það hægi hratt á vexti hagkerfisins. Verði hagvöxtur minni en áætlanir gera ráð fyrir gæti afkoma ríkissjóðs hæglega breyst í halla. Lítið má því út af bregða.
- **Umframkeyrsla í samfleytt 22 ár.** Þótt gert sé ráð fyrir hóflegum útgjaldavexti í núverandi frumvarpi þá er mikilvægt að hafa í huga að útgjaldaaukning frá frumvarpi til fjárlaga og umframkeyrsla frá fjárlögum til ríkisreiknings er regla, fremur en undantekning. Samfleytt í 22 ár hafa útgjöld aukist frá frumvarpi til ríkisreiknings. Ólíklegt er því annað en að útgjöld verði töluvert meiri en lagt er upp með í frumvarpinu.
- **Snúa þarf af braut þensluhvetjandi ríkisfjármála á uppgangstímum.** Fjórða árið í röð munu ríkisfjármál auka þenslu í hagkerfinu. Mikilvægt er að horfa til hagsveifluleiðréttrar afkomu til að meta þenslustig ríkisfjármála. Ekki var tekið mið af því við gerð fjárlagafrumvarpsins.
- **Ný lög um opinber fjármál stöðva ekki umframkeyrslu útgjalda.** Vonir hafa verið bundnar við að ný lög um opinber fjármál muni stuðla að auknum aga í fjármálstefnu hins opinbera. Með nýju lögunum er lögð áhersla á langtímahugsun og bætt vinnubrögð. Þrátt fyrir að vera skref í rétta átt, og skynsamleg nálgun, ná lögin ekki að hemja aukningu ríkisútgjalda frá fjárlagafrumvarpi til áætlaðra útgjalda árið 2017. Að mati SA er afkomuregla ekki fullnægjandi til að tryggja aðhald á uppgangstímum. Setja þarf útgjaldareglu eða miða við hagsveifluleiðrétta afkomu í stað núgildandi afkomureglu.
- **Allar skattabreytingar til hækkunar.** Á meðan lítil áhersla er á aðhald eða mikilvægi þess að draga úr opinberum umsvifum, sem nú þegar eru ein þau mestu meðal OECD, þá skapast ekki rými til skattalækkana. Á árunum eftir 2008 voru það skattahækkanir sem vörðuðu leiðina að hallalausum rekstri ríkisins. Þær skattahækkanir standa flestar óhreyfðar. Tryggingagjald hefur t.a.m. lítið lækkað þrátt fyrir hríðfallandi atvinnuleysi undanfarin ár. Í fjárlagafrumvarpi 2018 eru frekari skattahækkanir boðaðar. Fjármagnstekjur eru nú þegar skattlagðar meira en launagreiðslur. Boðuð hækkun fjármagnstekjuskatts mun því auka þann mun. Eðlilegra hefði verið að endurskoða skattstofninn samfara boðaðri breytingu.


## Umsögn SA (2/2)

- **Mikilvægt að nýta betur skattfé landsmanna.** Síðustu ár hefur verið forgangsraðað til heilbrigðis- og menntamála, en útgjöld til þessara málaflokka hafa vaxið verulega umfram önnur útgjöld ríkisins. Enn er þó krafist enn meiri framlaga til þessara málaflokka. Að mati SA er vandamálið ekki skortur á fjármagni, heldur forgangsröðun og nýting þeirra miklu fjármuna sem úr er að spila nú þegar. Talsverð tækifæri hljóta að vera fólgin í því að auka skilvirkni og forgangsraða betur innan þess útgjaldaramma sem stjórnvöld starfa eftir. Slíkt myndi um leið skila betri nýtingu á skattfé landsmanna. Standi vilji stjórnvalda til þess að minnka álögur á almenning þarf að halda aftur að útgjöldum. Það er miður að ekki má merkja áherslu á slíkt í frumvarpi nýrrar ríkisstjórnar.
- **Ábyrgt að greiða frekar niður skuldir.** Áform stjórnvalda um að greiða áfram niður skuldir ríkissjóðs eru fagnaðarefni. Þrátt fyrir niðurgreiðslu skulda síðustu ár eru skuldir enn talsvert hærri en þær voru í lok síðustu uppsveiflu. Rétt er að hafa hugfast að ein lífsbjörg okkar Íslendinga þegar efnahagsáfallið skall á voru lágar skuldir ríkissjóðs. Íþyngjandi vaxtakostnaður, sem er einn sá mesti meðal iðnríkja, endurspeglar mikilvægi þess að áfram verði greiddar niður skuldir ríkissjóðs.
- **Að mati Samtaka atvinnulífsins eru fimm mikilvæg atriði sem stjórnvöld ættu að hafa hugfast:**
  1. **Búa þarf í haginn því uppsveiflur taka enda.** Mikilvægt er að auka afgang af rekstri ríkissjóðs meðan tekjustofnar eru sterkir. Við munum búa að þeirri ráðdeild næst þegar harðnar á dalnum.
  2. **Tryggja þarf aðhald á uppgangstímum.** Snúa þarf af þeirri braut að auka útgjöld á uppgangstímum. Ríkisfjármálastefna á að milda hagsveifluna, ekki ýkja hana.
  3. **Forgangsröðun ríkisútgjalda er nauðsynleg.** Útgjöld ríkisins eru mikil í sögulegum og alþjóðlegum samanburði. Finna þarf leiðir til að nýta betur skattfé landsmanna. Skorti fé til þarfra verkefna þarf að sækja slíka fjármuni til annarra málaflokka.
  4. **Skapa þarf rými til skattalækkana.** Ísland er háskattaland. Á meðan ríkisútgjöld vaxa á hverju ári skapast ekki svigrúm til að lækka skatta.
  5. **Mikilvægt er að halda áfram að greiða niður skuldir.** Skuldir ríkissjóðs eru enn of háar og vaxtakostnaður íþyngjandi.

# Einn mesti frumjöfnuður og hagvöxtur meðal þróaðra ríkja. Samfara miklum uppgangi í hagkerfinu hefur tekjuvöxtur hins opinbera verið sterkur og skilað miklum frumafgangi.


## Frumjöfnuður hins opinbera árið 2016

- sem % af landsframleiðslu



## Hagvöxtur á árinu 2016


- raunbreyting á landsframleiðslu



# Fjárlagafrumvarp 2018. Jákvæð afkoma þó litlu megi muna. Afkoma í núverandi hagvaxtarskeiði er langt um minni en á síðasta hagvaxtarskeiði.

## Afkoma ríkissjóðs <sup>1</sup>

(% af VLF)




Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaáætlun hins opinbera.

<sup>1</sup> Að frátöldum einkiptistekjum eins og stöðugleikaframlögum.

# Fjárlagafrumvarp 2018. Tekjuvöxtur litast af mikilli uppsveiflu. Aukin umsvif skila ríkissjóði auknum skatttekjum.

## Tekjur ríkissjóðs

Milljarðar króna á verðlagi 2017



Tekjur ríkisins  
aukast um



**+25,4**

milljarða  
árið 2018


Heimild: Kynning fjármála- og efnahagsráðherra á fjárlagafrumvarpi 2018.

# Fjárlagafrumvarp 2018: Þrátt fyrir að umsvif ríkissjóðs hafi sjaldan verið meiri þá aukast útgjöld og aðhaldsaðgerðir eru hverfandi. Stefnt er að aðhald sem nemur 0,6% af frumútgjöldum ársins 2018.


## Frumútgjöld ríkisins

Milljarðar króna á verðlagi 2017

Útgjöld ríkisins  
aukast um



**+65,5**  
milljarða  
árið 2018





Heimild: Kynning fjármála- og efnahagsráðherra á fjárlagafrumvarpi 2018.

# Fjárlagafrumvarp 2018. Regluleg útgjöld ríkissjóðs nálgast hápunktinn. Útgjöld á mann hafa vaxið að raunvirði nánast samfleytt frá árinu 2012.

## Frumútgjöld ríkissjóðs á mann, leiðrétt fyrir óreglulegum liðum<sup>1</sup>

Milljónir króna á verðlagi 2017<sup>2</sup>



<sup>1</sup> Teknir eru út útgjaldaliðir sem fjárveitingarvaldið hefur litla stjórn á, á hverjum tíma, s.s. áfallnar ríkisábyrgðir, tapaðar kröfur, atvinnuleysisgreiðslur, afskriftir skattkrafna

<sup>2</sup> Annar grunnur frá árinu 2016


Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið.



# Umframkeyrsla samfleytt í 22 ár. Endanleg útgjöld ríkissjóðs hafa ávallt orðið meiri en lagt var upp með í fjárlagafrumvarpi. Í meðförum þingsins aukast útgjöld, en mest verður aukningin eftir samþykkt fjárlaga á Alþingi.

## Breyting í útgjöldum ríkisins frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings 1995-2016

- Aukning útgjalda frá frumvarpi til ríkisreiknings



Heimildir: Fjárlagafrumvörp, fjárlög, fjáráukalög og ríkisreikningar.


# Kerfislæg umframkeyrsla. Umframkeyrsla er viðtekin venja. Þó fjárlagafrumvarp 2018 boði hóflegan útgjaldavöxt hefur það hingað til ekki reynst lokaniðurstaðan.

Vísitala ríkisútgjalda frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings

- Vísitala = 100 við frumvarp

Heildarútgjöld ríkissjóðs frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings

- Ma.kr.




Heimildir: Fjárlagafrumvörp, fjárlög, fjáraukalög og ríkisreikningar.

# Möguleg umframkeyrsla. Ef útgjaldaaukning frá frumvarpi fylgir meðalvexti þá munu ríkisútgjöld ná nýjum hæðum.

## Frumútgjöld ríkissjóðs á mann, leiðrétt fyrir óreglulegum liðum<sup>1</sup>

Milljónir króna á verðlagi 2017



Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið.


<sup>1</sup> Teknir eru út útgjaldaliðir sem fjárveitingarvaldið hefur litla stjórn á, á hverjum tíma, s.s. áfallnar ríkisábyrgðir, tapaðar kröfur, atvinnuleysisgreiðslur, afskriftir skattkrafna

<sup>2</sup> Annar grunnur frá árinu 2016

# Umsvif hins opinbera eru mikil á Íslandi. 40% af þeim verðmætum sem sköpuð eru í landinu er ráðstafað af hinu opinbera, að frátöldum útgjöldum til ellilífeyris og atvinnuleysis.

## Heildarútgjöld hins opinbera

- Árið 2015, % af VLF, leiðrétt fyrir greiðslum ellilífeyri og atvinnuleysi<sup>1</sup>



<sup>1</sup> Leiðrétt er fyrir ellilífeyri til að gera ríki með sjóðsöfnunarkerfi og gegnumstreymiskerfi samanburðarhæf. Leiðrétt er fyrir atvinnuleysi þar sem slík fjárútlát eru að litlu leyti valkvæð fyrir hið opinbera. Heimild: OECD, útreikningar efnahagssviðs

## Fimm mikilvæg atriði sem stjórnvöld ættu að hafa hugfast

1

**Búa verður í haginn.** Mikilvægt er að auka afgang af rekstri ríkissjóðs meðan tekjustofnar eru enn sterkir. Við munum búa að þeirri ráðdeild næst þegar harðnar á dalnum.

2

**Tryggja aðhald.** Snúa þarf af þeirri braut að auka útgjöld á þenslutímum. Markmið ríkisfjármálastefnu á að vera að milda hagsveiflur í stað þess að ýta undir þær.

3

**Forgangsráða ríkisútgjöldum.** Tekjur ríkissjóðs eru mjög miklar bæði í sögulegum og alþjóðlegum samanburði. Skorti fé til þarfra verka ætti að vera hægur leikur að sækja það til annarra málaflokka.

4

**Draga úr álögum á fólk og fyrirtæki.** Á Íslandi eru innheimtir einhverjir hæstu skattar meðal þróaðra ríkja. Ekki hefur að neinu marki verið hróflað við miklum skattahækkunum árána eftir hrun. Mikilvægt er að skapa svigrúm til þess að hægt sé að draga úr skattheimtu.


5

**Greiða niður skuldir.** Þrátt fyrir að skuldastaða ríkissjóðs hafi farið batnandi eru skuldir enn mun hærri en þær voru 2008 og vaxtakostnaður er enn einn af hæstu útgjaldaliðum ríkissjóðs. Mikilvægt er að hvika hvergi frá áframhaldandi niðurgreiðslu skulda.

# 1 Búa verður í haginn

**Þrátt fyrir mikinn tekjuvöxt á toppi hagsveiflunnar hefur afgangur af rekstri ríkissjóðs verið lítil. Afkoma í núverandi hagsvaxtarskeiði er mun minni en á síðasta hagsvaxtarskeiði.**

Afkoma ríkissjóðs<sup>1</sup>  
(% af VLF)




Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaáætlun hins opinbera.  
<sup>1</sup> Að frátöldum einkiptistekjum eins og stöðugleikaframlögum.

# 1 Búa verður í haginn


**Hagvaxtarforsendur geta breyst.** Vísbendingar um að það sé að hægja á hagvextinum hafa leitt til þess að hagvaxtarforsendur hafa breyst. Núverandi forsendur getu því hæglega breyst áfram.

## Hagvöxtur á mann

Breyting milli ára



**Forsendur getu breyst?** Samfara því sem hægt hefur á hagkerfinu þá hafa forsendur um hagvöxt fyrir árið farið lækkandi.




# 1 Búa verður í haginn

**Verði hagvöxtur minni gæti jákvæð afkoma hæglega breyst í halla. Lítið má út af bregða og því mikilvægt að búa í haginn þegar vel gengur.**

## Afkoma ríkissjóðs árið 2018 m.v. mismunandi hagvaxtarforsendur<sup>1</sup>

- Miðað við mismunandi frávík frá áætluðum hagvexti í fjárlagafrumvarpi



<sup>1</sup> Tekjur taka breytingum með hagvexti en útgjöldum er haldið föstum.  
Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneyti, AGS og útreikningar efnahagssviðs.




## 2 Tryggja þarf aðhald

**Snúa þarf að braut þensluhvetjandi ríkisfjármála á uppgangstímum.** Fjórða árið í röð munu ríkisfjármál auka þenslu í hagkerfinu. Mikilvægt er að horfa til hagsveifluleiðréttrar afkomu til að meta þenslustig ríkisfjármála.

### Aðhaldsstig ríkisfjármála: Breyting á hagsveifluleiðréttri afkomu ríkissjóðs (% af VLF)

Miðað við leiðréttan frumjöfnuð ríkissjóðs<sup>1</sup>

**AUKIÐ AÐHALD**  
**MINNKAÐ AÐHALD**



Heimildir: Útreikningar efnahagssviðs, Hagstofa Íslands og OECD.

## 2 Tryggja þarf aðhald

**Jákvætt skref.** Ný lög um opinber fjármál stuðla að bættum vinnubrögðum. Þau hvetja til langtímahugsunar og aga við gerð fjárlaga. Hins vegar þarf að tryggja að fjármálareglurnar stuðli að aðhaldssamri fjármálstefnu á uppgangstímum.



Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018



Fjármálstefna 2018-2022

- Í ársbyrjun 2016 voru **ný lög um opinber fjármál** innleidd þar sem áhersla var lögð á **langtímahugsun** og **aga** við framkvæmd fjárlaga.
- Mikilvægur þáttur í nýju lögunum er að stjórnvöldum hverju sinni ber að leggja fram **fjármálstefnu til næstu fimm ára** þar sem tryggt er að heildarafkoma sé jákvæð yfir tímabilið og að skuldahlutföll lækki í samræmi við markmið.
- Þessi breyting er **skynsamleg nálgun** og til þess fallin að **auka festu** í ríkisfjármálum.

- Afkomureglu*, sem kveður á um að heildarjöfnuður hins opinbera yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og að árlegur halli á heildarjöfnuði verði aldrei meiri en 2,5% af VLF.
- Skuldareglu*, sem kveður á um að heildarskuldur hins opinbera, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og banka-innstæðum, verði lægri en 30% af VLF.
- Skuldalækkunarreglu*, sem kveður á um að skuldur skuli lækka um a.m.k. 5% af því sem ber í milli heildarskulda og skuldahámarks (sbr. 2. tölul.) að meðaltali árlega á hverju þriggja ára tímabili.

**Stjórnvöld verða að uppfylla þrjár fjármálareglur**


## 2 Tryggja þarf aðhald

**Stíga þarf skrefið til fulls.** Fjármálareglur þurfa að tryggja nægjanlegt aðhald á uppgangstímum. Meginalli á núverandi fyrirkomulagi er að afkomureglan er ekki hagsveifluleiðrétt. Skilyrði fjármálareglanna eru uppfyllt en fjármálastefnan er enn þensluhvetjandi og agi hefur ekki aukist.

### 2 Tryggja þarf aðhald

**Snúa þarf að braut þensluhvetjandi ríkisfjármála á uppgangstímum.** Fjórdða árið í röð munu ríkisfjármálin að auka þenslu í hagkerfinu.


Aðhaldsstig ríkisfjármála: Breyting á hagsveifluleiðréttari afkomu ríkissjóðs (% af VLF)  
Míðað við leiðréttan frumjafnuð ríkissjóðs<sup>2</sup>



**Kerfislæg umframkeyrsla enn árið 2017.** Umframkeyrsla er viðtekin venja. Þó fjárlagafrumvarp 2018 boði hóflegan útgjaldavöxt frá áætlun 2017 er ólíklegt að það reynist lokaniðurstaðan.

Vísitala ríkisútgjalda frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings  
- vísitala = 100 við frumvarp

Heildarútgjöld ríkissjóðs frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings  
- ma.kr.




### 3 Forgangsraða ríkisútgjöldum

Hver hefur forgangsroðunin verið? Útgjöld til heilbrigðis- og menntamála hafa vaxið meira en til annarra málaflokka. Mikilvægt er hins vegar að skoða hverju því hefur skilað?

#### Útgjöld ríkisins eftir málaflokkum

Milljónir króna árið 2012 (á verðlagi ársins 2016) og uppsafnaður útgjaldavöxtur

Uppsafnaður vöxtur  
2012-2016




Heimild: Hagstofa Íslands.

\*Að frádreginni færslu ríkissjóðs til A-hluta LSR upp á 105,1 milljarða króna sem er óreglulegur liður

### 3 Forgangsraða ríkisútgjöldum

**Vandamálið er ekki skortur á fjármagni.** Vandinn er fyrst og fremst forgangsroðun og nýting þeirra miklu fjármuna sem ríkissjóður hefur úr að spila.

Útgjöld hins opinbera á Norðurlöndunum sem hlutfall af VLF  
Útgjöld sambærilegra útgjaldaliða hins opinbera árið 2015\*



Ef fé skortir til þarfra verkefna ætti að finna þá með **forgangsroðun innan og milli málaflokka**. Opinber útgjöld á Íslandi eru **ein þau mestu innan OECD** og því snýr vandamálið ekki af ónægri tekjuöflun.

- Almenn opinber þjónusta
- Löggæsla, réttargæsla og öryggismál
- Efnahags- og atvinnumál
- Heilbrigðismál
- Menntamál
- Menningar-, íþrótt og- trúmál
- Húsnæðis-, skipulags- og veitumál
- Umhverfismál


Heimild: Eurostat.  
\* Varnarmál eru undanskilin vegna þess að Íslandi hefur ekki her.  
\* Almannaþryggingar eru undanskildar vegna þess að lífeyrissjóðskerfin milli landa eru ólík.

#### 4 Skapa þarf rými til skattalækkana

**Mikil útgjöld eru fjármögnuð með mikilli skattheimtu.** Allir skattar greiðast að lokum af almenningi. Frá árinu 2009 hafa heildarskatttekjur ríkissjóðs á mann vaxið um 43% að raunvirði. Jafngildir það ríflega 640 þús.kr. á hvern Íslending.

##### Heildarskatttekjur ríkissjóðs á mann<sup>1</sup>

- Milljónir króna, á föstu verðlagi m.v. árið 2016




<sup>1</sup> Stöðugleikaframlög frá slitabúum föllnu bankanna eru ekki meðtalin.

#### 4 Skapa þarf rými til skattalækkana

Fá ríki eru með meiri skattbyrði en Ísland. Allar skattaálögur eru að lokum bornar af almenningi. Mikil skattheimta dregur úr samkeppnishæfni landsins.

##### Topp tíu háskattaríki OECD: Heildarskatttekjur hins opinbera

- Árið 2015, % af VLF, leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga\*



\* Í Danmörku fer greiðsla almannatrygginga beint í gegnum skattkerfið og henni er því sleppt í þessum samanburði þar sem það er ekki samanburðarhæft.

\* Nýjustu gögn fyrir Ástralíu eru frá 2015.


Heimild: OECD.

## 4 Skapa þarf rými til skattalækkana

**Tækifæri til að lækka tryggingagjaldið.** Tryggingagjaldið hefur lítið breyst á sama tíma og atvinnuleysi hefur hríðfallið. Tryggingagjald leggst á launagreiðslur og dregur því úr svigrúmi til launahækkana.


### Tryggingagjald (2008-2017)

- Tryggingagjald sem hlutfall af heildarlaunum launamanna



### Atvinnuleysi (2008-2017)

- Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla



\* Meðaltal það sem af er árinu 2017 (jan-nóv)  
Heimild: Ríkisskattstjóri, vinnumálastofnun.




#### 4 Skapa þarf rými til skattalækkana

**Er verið að festa skattahækkunar í sessi?** Skattahækkunar vörðuðu leiðina að hallalausum rekstri ríkissjóðs eftir síðustu niðursveiflu. Frekari skattahækkunar eru boðaðar í fjárlagafrumvarpi 2018.

#### Leiðin að hallalausum rekstri 2009-2014<sup>1</sup>

Breyting á tímabilinu á frumgjöldum og –tekjum ríkissjóðs



Skattahækkunar Niðurskurður

Dæmi um skattahækkunar	2008	Í dag	Hækkunar í fjárlagafrumvarpi 2018
Fjármagnstekjuskattur	10%	20%	22% ↑
Tekjuskattur fyrirtækja	15%	20%	
Tekjuskattur einstaklinga	22,75%	22,5%/31,8%	
Tryggingagjaldi	5,34%	6,85%	
Bankaskattur	-	0,376%	
Fjársýsluskattur á heildarlaun fjármálafyrirtækja	-	5,5%	
Kolefnisgjald	-	6,3 kr./5,5kr.	9,45 kr./8,25kr. ↑
Gistináttagjald	-	300 kr.	
Veiðigjald á þorsk (kr/kg) <sup>2</sup>	4,01	22,98	

Heimildir: Útreikningar efnahagssviðs, Viðskiptaráð Íslands

<sup>1</sup> Breytingin er mismunur á ríkisreikningi m.v. miðmiðunarárið 2009 á föstu verðlagi. Í samanburðinu eru teknir til hliðar einstakir liðir sem stjórnvöld hafa ekki stjórn á við fjárlagagerð og teljast ekki til reglulegra tekna eða gjalda, eins og framlög í atvinnuleysistryggingasjóð, afskriftir skatttekna, innborgun á lífeyrisskuldbindingar, framlag til ÍLS, áfallnar ríkisábyrgðir.


<sup>2</sup> M.v. fiskveiðiár 2009/2010 og 2017/2018

## 4 Skapa þarf rými til skattalækkana

**Frekari skattahækkunar boðaðar í frumvarpinu.** Í fyrsta fjárlagafrumvarpi stjórnvalda er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur hækki. Eðlilegt er að endurskoða skattstofninn samhliða í samræmi við tillögur samráðsvettvangs og fyrirheit í stjórnarsáttmála.

Skattar á fjármagnstekjur taka ekki tillit til verðbólgu og leggast því með þungum hætti á sparnað

Eiginlegur fjármagnstekjuskattur fyrir áhættulausar fjárfestingar (%)<sup>1</sup>



<sup>1</sup> Hlutfallsleg skattbyrði af raunávöxtun (nafnávöxtun leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum). Ekki tekið tillit til skattfrelsis fyrstu 125 þús vaxtatekna  
<sup>2</sup> Gert er ráð fyrir að ávöxtun áhættulausrar fjárfestingar sé jöfn meðalvaxtastigi frá aldamótum (8,1% á Íslandi)  
<sup>3</sup> Gert er ráð fyrir að verðbólga sé jöfn meðalverðbólgu frá aldamótum (5,8% á Íslandi)

### Tillögur samráðsvettvangs um aukna hagsæld:

**Fyrirkomulagið í dag:** Fjármagnstekjuskattur er lagður á nafnvexti. Skattur á fjármagnstekjur tekur því ekki tillit til verðbólgu og leggst því með þungum hætti á sparnað landsmanna.

**Tillögur:** Lagt er til að skattstofninn verði endurskoðaður þannig að fjármagnstekjuskatturinn verði lagður á raunávöxtun í stað nafnávöxtunar.


#### 4 Skapa þarf rými til skattalækkana

**Hvaða áhrif hefur hækkun fjármagnstekjuskatts?** Fjármagnstekjuskattur er þegar hár í norrænum samanburði. Víðast á Norðurlöndum eru ríflegri heimildir til frádráttar skattstofni og lægri verðbólga.

Þrátt fyrir að skattur á nafnávöxtun sé lægstur – er **eiginlegur skattur hæstur á Íslandi**.

Skattur á raunávöxtun er hærri enda þótt skattur á nafnávöxtun sé lægri vegna almennt hærri verðbólgu á Íslandi

Samanburður á eiginlegum fjármagnstekjuskatti fyrir áhættulausar fjárfestingar (%)<sup>1</sup>



Ef hækka á fjármagnstekjuskattsprósentu á Íslandi verður því að fylgja **endurskoðun á skattstofni**. Að öðru kosti verður skattur á fjármagnstekjur enn meira útgildi á Íslandi en nú er.

Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld.

<sup>1</sup> Hlutfallsleg skattbyrði af raunávöxtun (nafnávöxtun leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum).

<sup>2</sup> Gert er ráð fyrir ávöxtun áhættulausrar fjárfestingar sé jöfn meðalvaxtastigi frá aldamótum (8,1% á Íslandi).

<sup>3</sup> Gert er ráð fyrir að verðbólga sé jöfn meðalverðbólgu frá aldamótum (5,8%).

## 4 Skapa þarf rými til skattalækkana

**Hvaða áhrif hefur hækkun fjármagnstekjuskatts?** Fjármagnstekjur eru nú þegar skattlagðar meira en launagreiðslur. Boðuð hækkun fjármagnstekjuskatts mun auka þann mun.

Eiginleg skattheimta á fjármagn er tvískipt. Annars vegar er greiddur 20% skattur á hagnað fyrirtækja og þegar hagnaðurinn er greiddur út úr fyrirtækinu sem arður til eigenda eru greidd önnur 20%. **Eiginleg skattheimta er því 36% í dag.**


<b>Hagnaður</b>	100
<b>20% tekjuskattur fyrirtækja</b>	20
<b>Arður</b>	80
<b>20% fjármagnstekjuskattur</b>	16
<b>Heildarskattur</b>	<b>36</b>

Til samanburðar er eiginlegur skattur meðal heildarlaun á Íslandi 29%.

### Mikil skattlagning á fjármagn

- Hækkar fjármagnskostnað fyrirtækja og ávöxtunarkröfu.
- Kemur sérstaklega niður á minni fyrirtækjum sem ekki geta sótt á alþjóðlega fjármagnsmarkaði.
- Dregur úr sparnaði og fjárfestingu í hagkerfinu.

Samanburður á skattheimtu á fjármagnstekjur og launatekjur (%)





<sup>1</sup> Miðað er við meðallaun 2016, 667 þúsund krónur á mánuði. Að teknu tilliti til persónuafsláttar. Heimildir: Ríkisskattstjóri og útreikningar efnahagssviðs.

## 4 Skapa þarf rými til skattalækkana

Frekari skattahækkunir boðaðar í frumvarpinu. Kolefnisgjaldið hækkar um 50% milli ára.

### Breyting á kolefnisgjaldi

Kr. á hvern lítra



#### Skattahækkun

- Kolefnisgjald er tekjulind fyrir ríkissjóð, eins og hver annar skattur, þótt það sé lagt á undir því yfirskeyni að um sé að ræða aðgerð í loftlagsmálum.



#### Grænn skattur?

- Ef markmiðið væri í raun aðgerð í loftlagsmálum væri eðlilegt að samfara hækkuninni yrðu gjöld eða skattar á umhverfisvæna starfsemi lækkuð á móti.



#### Bitnar helst á almenningi


- Þá leggst gjaldið ekki jafnt á alla notkun kolefnis. Hækkun gjaldsins bitnar fyrst og fremst á almenningi. Þess vegna leggjast SA gegn hækkun gjaldsins.

## 5 Niðurgreiðsla skulda

**Jákvætt að áfram séu greiddar niður skuldir.** Hið opinbera er skuldsettara nú en á síðasta þensluskeiði. Áhersla þarf að vera áfram á niðurgreiðslu skulda.

### Skuldir ríkissjóðs, án lífeyrisskuldbindinga

% af landsframleiðslu




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

## 5 Niðurgreiðsla skulda

**Íþyngjandi vaxtakostnaður.** Vaxtakostnaður ríkisins jafngildir tvöföldu fjárframlagi til háskólastigsins. Til að skapa rými til þarfra verkefna þarf að greiða áfram niður skuldir og minnka vaxtakostnaðinn.

Dæmi um framlög úr ríkissjóði í fjárlagafrumvarpi 2018

Ma.kr.



74 milljarðar króna samsvarar...

1,7x

Framlag til  
háskólastigsins



2x

Framlag til samgöngu-  
og fjarskiptamála



4,4x

Framlag til  
umhverfismála




Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og fjármálaáætlun hins opinbera.

## 5 Niðurgreiðsla skulda

**Vaxtakostnaður er hins vegar einn sá mesti meðal iðnríkja á Íslandi.** Undirstrikar mikilvægi þess að skuldir verði áfram greiddar niður.

### Árið 2016: Vaxtakostnaður hins opinbera

% af landsframleiðslu




Heimild: Eurostat.



# Niðurstöður: Afgangur ríkissjóðs er of lítill. Frekari skattahækkanir eru boðaðar í fjárlagafrumvarpinu. Skapa þarf rými til skattalækkana það gerist ekki á meðan útgjöld halda áfram að vaxa. Skuldir eru enn of háar og vaxtakostnaður íþyngjandi.

1



**Búið í haginn**

- Afgangur af rekstri ríkissjóðs er hverfandi miðað við stöðu hagkerfisins.
- Það er jákvætt að sjá loforð um hóflega útgjaldaaukningu en mikilvægt að hafa í huga að umframkeyrsla er viðtekin venja. Ríkisútgjöld hér á landi hafa vaxið hratt undanfarin ár og eru opinber umsvif með því mesta sem gerist innan OECD.
- Þrátt fyrir áframhaldandi áform um niðurgreiðslu skulda eru þær enn hærri en þær voru fyrir 2008. Íþyngjandi vaxtakostnaður dregur úr getu ríkissjóðs til að fjármagna innviðaupbyggingu og lækka álögur.

2



**Ekki auka álögur, minnkið þær**

- Mikil útgjöld eru fjármögnuð með mikilli skattheimtu á almenning. Það ætti ekki koma á óvart að óviða innan OECD dregur hið opinbera meira til sín í formi skatttekna en á Íslandi.
- Skattahækkanir vörðuðu leiðina að hallalausum rekstri ríkisins eftir 2008. Flestar þær skattahækkanir standa enn. Mikilvægt er að stjórnvöld skapi rými til að draga þær álögur á fólk og fyrirtækin til baka á næstu árum.

3



**Forgangsmál til næstu ára**

- Búa þarf í haginn og tryggja aðhaldssama fjármálastefnu á tímum góðæris.
- Aukin áhersla þarf að vera á forgangsröðun og betri nýtingu skattfjár landsmanna.
- Stuðla þarf að betri skilyrðum fyrir heimili og fyrirtæki og skapa svigrúm til þess að hægt sé að lækka álögur á landsmenn.
- Hvergi skal hvika frá fyrri áformum um niðurgreiðslu skulda.

# Efnahagssvið SA



Ásdís Kristjánsdóttir  
Forstöðumaður  
asdis@sa.is  
sími: 591-0080



Óttar Snædal  
Hagfræðingur  
ottar@sa.is  
sími: 591-0082



Tryggvi Másson  
Viðskiptafræðingur  
tryggvi@sa.is  
sími: 591-0083



@atvinnulifid




@atvinnulifid

**Viðauki.** Veiðigjaldið er að hækka á sama tíma og afkoman dregst saman. Veiðigjaldið leggst þungt á fyrirtæki í greininni. Veiðigjaldið þarf að endurspeгла betur afkomu greinarinnar á hverjum tíma.

### Tekjuskattur og veiðigjöld

- Í ma.kr. á verðlagi hvers árs og sem hlutfall af hagnaði




\* Áætlun  
Heimild: SFS

**Viðauki.** Endurskoða þarf veiðigjaldið. Gjaldið er að hækka á sama tíma og afkoman dregst saman. Veiðigjaldið leggst þungt á mörg fyrirtæki í greininni. Veiðigjaldið þarf að endurspeglar betur afkomu á hverju tíma.

### Veiðigjöld og útflutningsverðmæti sjávarafurða

- Í ma.kr. á verðlagi hvers árs




Endurskoða þarf hvernig veiðigjaldið er reiknað: Á sama tíma og tekjur dragast saman eru veiðigjöldin að hækka.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða (v.ás)

Veiðigjöld (h.ás)

\* Áætlun

Heimild: SFS



...NAGLJA

...KOCY  
LATINDUR

LABÆR

...G  
SÖBULHÖLAR  
ÖXTARÁ

MÚRÆLL

LEDAÁS



...STAN

NÓN

M

N

GIGNI D

...RNARKLETTUR

Örtarhími

JILLI